



Landsamband veiðifélaga
Jón Helgi Björnsson
Hagatorgi Bændahöll
107 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 17. febrúar 2016
Tilv.: ANR15030303/11.5

Efni: Svar við erindi Landsambands Veiðifélaga frá 24. mars 2015

Vísað er til erindis yðar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá 24. mars 2015 þar sem þess er krafist að Eyjafirði og Ísafjarðardjúpi verði lokað fyrir eldi á frjóum laxi af norskum uppruna.

Eins og yður er kunnugt þá hefur ráðherra kynnt sér málið ítarlega og fundað með hagsmunaaðilum og sérfræðingum hjá Matvæla- og Veiðimálastofnun. Í athugun ráðherra kom fram að allt að 25 ára reynsla hefur nú fengist af eldi laxa af norskum uppruna í sjókvíum allt í kringum landið og verður ekki séð að sú tilhögun hafi orðið til tjóns, hvorki út frá heilbrigðis-, umhverfis- né erfðafræðilegu sjónarmiði. Á tíunda áratug síðustu aldar var viðvarandi sjókvíaeldi með norskættuðum laxi m.a. í Vestmannaeyjum, Faxaflóa og Eyjafirði og samfelld eldi með sama stofn hefur nú fundið stað á Austjörðum og Vestfjörðum í aldarfjórðung. Samfelld sjókvíaeldi var við Ystu-Vík í Eyjafirði árin 1994 - 2004 og á tímabili einnig út af Svalbarðseyri og engar vísbendingar áttu sér stað er gætu bent til skaðlegra áhrifa á vistkerfi fjarðarins í víðu samhengi. Laxinn er alinn á gæðavottuðu hráefni sem aflað er úr hafinu og skilað aftur til náttúrunnar líkt og við hefðbundinn búskap. Norski stofninn var upprunalega fluttur til landsins sem sóttþreinsuð hrogn fyrir 30 árum og hafður í sóttkví um árabíl þar til ljóst var að hann var laus allra sjúkdómsvaldandi smitefna. Heilbrigði stofnsins hefur allar götur síðan verið með því albesta sem þekkist á heimsvísu enda er erfðaefni þessa fisks nú eftirsótt og dreift til allra heimsálfa að undanskildu Suðurhvelinu. Þess má einnig geta að lyf gegn laxalús hafa aldrei verið notuð við eldi norska stofnsins hér við land og sýklalyf hafa heldur aldrei verið notuð í umræddan stofn í hefðbundnu sjókvíaeldi í um tvo áratugi. Það er því niðurstaða ráðherra að ekki sé ástæða til að verða við kröfum Landsambands Veiðifélaga um lokun Eyjafjarðar og Ísafjarðardjúps fyrir frjóum laxi af norskum uppruna. Því verður ekki gerð breyting á auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði þar sem eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum er óheimilt. Ráðherra mun hins vegar beita sér fyrir því að framkvæmdar verði rannsóknir á ástandi og stofnstærðum villtra laxastofna í laxveiðiám í Ísafjarðardjúpi og ástand þeirra vaktad. Jafnframt mun ráðherra beita sér fyrir því að framkvæmdar verði rannsóknir á umfangi lúsar í Eyjafirði.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Jóhann Guðmundsson


Ásta Einarsdóttir